

Ed.

118. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Halldór Steinsson, Ingvar Pálmason, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr ríkissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónum.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 76, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Á tveim undanfórnum þingum hafa legið fyrir frumvörp um launabót yfirsetukvenna. Frumvörp þessi urðu að vísu ekki að lögum, en höfðu þó allmikið fylgi í þinginu. Þetta mál er nú enn á ný borið fram, svo að Alþingi gefist kostur á að ráða bót á því misrjetti, sem hefir átt sjer stað á launakjörum yfirsetukvenna í samanburði við launakjör annara starfsmanna ríkisins.